

24. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

Haldinn fimmtudaginn 23. janúar 2020 kl. 15:00.

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Bogi Nils Bogason og Ingibjörg Ólafsdóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra var fjarverandi en Orri Páll Jóhannsson aðstoðarmaður sat fundinn í hans stað. Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, var fjarverandi en Guðjón Bragason sat fundinn í hennar stað. Þórir Garðarsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar var fjarverandi.

Aðrir: Anna Katrín Einarsdóttir frá ANR, Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF (áheyrnarfulltrúi), Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi), Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðarmaður fjármála- og efnahagsráðherra, og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

Ólafur Árnason og Jónas Hlynur Hallgrímsson frá EFLU sátu jafnframt fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar (*til samþykktar*).

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og verður birt á vefsíðu ANR.

2. Forgangsverkefni 2020 (*ferðamálaráðherra*).

Ferðamálaráðherra gerði grein fyrir verkefnunum sem lúta að því að leita leiða til að koma á virkri álagsstýringu við Gullna hringinn, m.a. með uppsetningu brúnna skilta og talningamæla. Verkefnin verða unnin í samvinnu við önnur ráðuneyti og stofnanir eftir því sem við á. Fram kom á fundinum að friðlýsing Geysis er væntanleg fljótlega.

3. Aðgerðabundin stefnumótun til 2025 (*framkvæmdastjóri og EFLA*).

Ferðamálaráðherra gerði grein fyrir því að yfirferð á fyrirliggjandi gögnum á fundinum sneri ekki að ákvarðanatöku heldur eingöngu að samtali við ráðherra í stjórn Stjórnstöðvar um aðgerðir og atriði sem snúa að málaflokkum sem þeir bera ábyrgð á. Framkvæmdastjóri fór síðan yfir þá fimm flokka aðgerða sem skilgreindir höfðu verið í kjölfar samráðsferlis sem mikilvægastir til að ná markmiðum Leiðarljóss og

framtíðarsýnar til 2030. Fundarmenn ræddu síðan flokkana og einstakar tillögur sín á milli sem og áætlaðan kostnað og fjármögnun þeirra. EFLA heldur áfram vinnu sinni við að skilgreina tillögur sem miða að því að ná markmiðum Leiðarljóss.

4. Önnur mál.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 16:50